

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2000/59/EB

2002/EES/12/37

frá 27. nóvember 2000

um aðstöðu í höfnum til að taka á móti úrgangi skipa og farmleifum(*)

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS Hafa,
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum
2. mgr. 80. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndarinnar⁽²⁾,

með hliðsjón af álitni svæðanefndarinnar⁽³⁾,

í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 251. gr.
sáttmálans⁽⁴⁾, og í ljósi sameiginlegs texta sem samþykktur
var af sáttanefndinni 18. júlí 2000,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Stefna bandalagsins í umhverfismálum miðar að við-
tækri vernd. Hún byggist á varúðarreglunni og þeim
meginreglum að bótaskylda skuli lögð á þann sem
mengar og að grípa skuli til fyrirbyggjandi aðgerða.
- 2) Mikilvægur þáttur í aðgerðum bandalagsins á sviði
sjóflutninga er að draga úr mengun hafsins. Þessu
markmiði má ná með því að hlíta alþjóðlegum
samningum, reglum og ályktunum en viðhalda
jafnframt því frelsi til siglinga, sem kveðið er á um í
Hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna, og frelsi til að
veita þjónustu sem lög bandalagsins kveða á um.
- 3) Hjá bandalaginu hafa menn þungar áhyggjur af
mengun hafa og strandlengja aðildarríkjanna sem
stafar af losun úrgangs og farmleifa frá skipum og
einkum af framkvæmd alþjóðasamnings um varnir
gegn mengun frá skipum frá 1973 eins og honum var
breytt með bókuninni frá 1978 (Marpol '73/'78) en þar
eru settar reglur um það hvers konar úrgang má losa
frá skipum út í umhverfi sjávar og samningsríkjunum
gert skylt að tryggja fullnægjandi aðstöðu í höfnum til
að taka á móti úrgangi. Öll aðildarríkin hafa fullgilt
Marpol-samninginn frá '73/'78.
- 4) Stuðla má að betri vernd sjávarumhverfisins með því
að draga úr losun úrgangs og farmleifa frá skipum í
sjó. Þessu markmiði má ná með því að auka framboð

og notkun á móttökuaðstöðu og með því að gera
endurbætur á því hvernig gildandi reglum er framfylgt.
Í ályktun ráðsins frá 8. júní 1993 um sameiginlega
stefnu um öryggi á hafi úti⁽⁵⁾ er það talið meðal
forgangsverkefna ráðsins að stuðla að framboði og
notkun á móttökuaðstöðu í höfnum bandalagsins

- 5) Í tilskipun ráðsins 95/21/EB frá 19. júní 1995 um
hvernig alþjóðlegum stöðlum um öryggi skipa,
mengunarvarnir, aðbúnað og vinnuskilyrði um borð í
þeim er framfylgt (hafnarrikisefirlit), að því er varðar
skip sem nota hafnir innan bandalagsins og sigla á
skipaleiðum, sem heyra undir lögsögu aðildarríkja-
anna⁽⁶⁾, er kveðið á um það að skip, sem stefna lifríki
sjávar í ótilhlýðilega hættu, megi ekki halda til hafs.
- 6) Sjávarmengun er í eðli sínu þannig að hún berst yfir
landamæri. Aðgerðir á vettvangi bandalagsins eru, í
ljósi dreifræðisreglunnar, áhrifaríkasta leiðin til að
tryggja sameiginlega umhverfisstaða fyrir skip og
hafnir í öllu bandalaginu.
- 7) Með hliðsjón af meðalhófsreglunni er tilskipun
viðeigandi löggerningur þar sem hún myndar ramma
um samræmda og lögboðna beitingu aðildarríkjanna á
umhverfisstöðlum en veitir þó hverju aðildarríki rétt til
að ákveða hvers konar gerningar henta best til að koma
þeim til framkvæmda samkvæmt kerfi landsins.
- 8) Tryggja ber samræmi við svæðisbundna samninga eins
og samþykktina um verndun umhverfis sjávar á
Eyrstrasaltssvæðinu frá 1974 og 1992.
- 9) Í því skyni að bæta mengunarvarnir og forðast röskun
á samkeppni ber að gera sömu kröfur í
umhverfismálum til allra skipa án tillits til þess undir
hvaða fána þau sigla og fullnægjandi móttökuaðstaða
þarf að vera til staðar í öllum höfnum bandalagsins.
- 10) Mæta skal þörfum notenda, allt frá stærstu
kaupskipum til smæstu skemmtibáta, sem og
umhverfisins með fullnægjandi móttökuaðstöðu í
höfnum án þess að valda þeim skipum ótilhlýðilegum
töfum sem nota hana. Þótt sú kvöð hvíli á
aðildarríkjunum að tryggja fullnægjandi móttöku-
aðstöðu í höfnum er þeim að verulegu leyti frjálst að
skipuleggja móttöku úrgangs eins og þeim þykir best

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 332, 28.12.2001, bls. 81, var
nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 77/2001 frá 19. júní
2001 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-
samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr.
44, 6.9.2001, bls. 22.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 271, 31.8.1998, bls. 79 og
Stjtið. EB C 148, 28.5.1999, bls. 7.

⁽²⁾ Stjtið. EB C 138, 18.5.1999, bls. 12.

⁽³⁾ Stjtið. EB C 198, 14.7.1999, bls. 27.

⁽⁴⁾ Álit Evrópuþingsins frá 11. febrúar 1999 (Stjtið. EB C 150, 28.5.1999,
bls. 432), staðfest 16. september 1999, sameiginleg afstaða ráðsins frá
8. nóvember 1999 (Stjtið. EB C 10, 13.1.2000, bls. 14) og ákvörðun
Evrópuþingsins frá 14. mars 2000 (hefur enn ekki verið birt í
Stjórnartíðindum EB). Ákvörðun Evrópuþingsins frá 6. september 2000
og ákvörðun ráðsins frá 14. september 2000.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB C 271, 7.10.1993, bls. 1.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 157, 7.7.1995, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með
tilskipun 98/42/EB (Stjtið. EB L 184, 27.6.1998, bls. 40).

- henta og er þeim m.a. heimilt að láta í té fastan móttökubúnað eða tilnefna þjónustuaðila sem komi til hafnar með hreyfanlegan móttökubúnað fyrir úrgang þegar þörf krefur. Í þessari kvöð felst einnig sú skylda að veita alla þá þjónustu og/eða að gera þær ráðstafanir sem viðeigandi og fullnægjandi notkun þessa búnaðar krefst.
- 11) Í samráði við hlutaðeigandi aðila má bæta aðstöðuna með því að koma fót áætlunum um móttöku og meðhöndlun úrgangs sem byggjast á nýjustu aðferðum.
- 12) Bæta má skilvirkni móttökuaðstöðu í höfnum með því að gera skipum skylt að gera viðvart þegar þau þurfa á slíkri aðstöðu að halda. Á grunni slíkra tilkynninga mætti byggja skilvirkar áætlanir um meðhöndlun úrgangs. Meðhöndla má úrgang frá fiskiskipum og frá skemmtibátum, sem ekki mega flytja fleiri en 12 farþega, í móttökuaðstöðu í höfnum án þess að það sé tilkynnt fyrir fram.
- 13) Draga má úr losun úrgangs frá skipum í sjó með því að gera skipum skylt að skila úrganginum í móttökuaðstöðu hafnar áður en látið er úr höfn. Í því skyni að sætta sjónarmið, sem tengjast greiðum sjóflutningum annars vegar og umhverfisvernd hins vegar, ætti að vera unnt að veita undanþágur frá framangreindri kröfu að teknu tilliti til þess hvort nægilega mikið af sérhæfðu geymslurými sé um borð, hvort unnt sé að afhenda farminn í annarri höfn án hættu á losun í sjó og til sérkrafna um afhendingu sem samþykktar hafa verið í samræmi við alþjóðalög.
- 14) Með hliðsjón af mengunarbótareglunni ber skipum að bera kostnað af móttökuaðstöðu í höfnum þar með talinn kostnað af meðhöndlun og förgun úrgangs frá skipum. Í þágu umhverfisverndar ætti að nota gjaldtökukerfið til að hvetja til þess að úrgangi frá skipum sé skilað til hafnar í stað losunar í sjó. Auðvelda má slíkt með því að sjá til þess að öll skip greiði sinn skerf af kostnaðinum við móttöku og meðhöndlun úrgangs frá skipum og draga þannig úr því að menn telji sig hafa efnahagslegan ábata af losun í sjó. Með hliðsjón af dreifræðisreglunni ættu aðildarríkin, í samræmi við landslög og gildandi venjur, að hafa áfram vald til að ákveða hvort og í hvaða hlutföllum gjöld, sem tengjast því raunverulega magni úrgangs sem skip koma með til hafnar, skuli talin hluti af endurheimtakerfi kostnaðar vegna notkunar móttökuaðstöðu í höfnum. Álagning gjalda vegna notkunar framangreindrar aðstöðu skal vera sanngjörn, án mismununar og gagnsæ.
- 15) Sérstaklega ber að ívilna þeim skipum í endurheimtakerfi kostnaðar þar sem minna fellur til af úrgangi. Með sameiginlegum viðmiðunum yrði auðveldara en ella að bera kennsl á slík skip.
- 16) Ef fyrir liggur fullnægjandi sönnun þess að ráðstafanir hafi verið gerðar til að tryggja afhendingu úrgangs og greiðslu gjalda er heimilt, í því skyni að forðast að íþyngja hlutaðeigandi aðilum ótilhlýðilega, að skip, sem eru í áætlunarsiglingum með tíða og reglulega viðkomu í höfnum, séu undanþegin tilteknum skuldbindingum sem leiðir af þessari tilskipun.
- 17) Skila ber farmleifum í móttökuaðstöðu hafnar í samræmi við Marpol-samninginn frá '73/'78. Í samningnum er þess krafist að farmleifum sé skilað í móttökuaðstöðu hafnar eftir því sem kröfur um hreinsun tanka gefa tilefni til. Notandi hafnar- aðstöðunnar skal inna af hendi allar greiðslur fyrir slíka afhendingu enda sé notandans yfirleitt getið í ákvæðum samninga milli hlutaðeigandi aðila eða í samkomulagi sem bundið er við viðkomandi stað.
- 18) Nauðsynlegt er að ráðast í markvissar skoðanir til þess að sannreyna að ákvæðum þessarar tilskipunar sé hlítt. Fjöldi slíkra skoðana og viðurlög við brotum þurfa að nægja til að fyrirbyggja brot á ákvæðum þessarar tilskipunar. Af ástæðum, er varða skilvirkni og kostnaðarhagkvæmni, má framkvæma skoðanir innan ramma tilskipunar 95/21/EB þegar við á.
- 19) Aðildarríkjum ber að tryggja að fyrir hendi sé viðeigandi stjórnsýsluramma til að starfræksla hafnaraðstöðunnar sé fullnægjandi. Samkvæmt Marpol-samningnum frá '73/'78 ber að senda ásakanir um ófullnægjandi móttökuaðstöðu hafnar til Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO). Um leið skal, í upplýsingaskyni, senda framkvæmdastjórninni sömu gögn.
- 20) Upplýsingakerfi, sem nota mætti til að bera kennsl á mengandi eða hugsanlega mengandi skip, myndi auðvelda framfylgd þessarar tilskipunar og væri gagnlegt við mat á framkvæmd hennar. Í upplýsingakerfinu, sem nefnist SIRENAC og var sett á laggirnar samkvæmt Parísarsamkomulaginu um hafnarrikis- eftirlit (MOU), er að finna mikinn hluta þeirra viðbótarupplýsinga sem þörf er á í þessu skyni.
- 21) Nauðsynlegt er að framkvæmdastjórnin njóti aðstoðar nefndar, sem skipuð er fulltrúum aðildarríkjanna, við að beita þessari tilskipun á skilvirkan hátt. Þar eð nauðsynlegar ráðstafanir til að koma þessari tilskipun í framkvæmd hafa almennt gildissvið í skilningi ákvörðunar ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið⁽¹⁾, skulu slíkar ráðstafanir samþykktar í samræmi við meðferðarreglur sem kveðið er á um í 5. gr. þeirrar ákvörðunar.
- 22) Breyta má tilteknum ákvæðum þessarar tilskipunar, án þess að víkka gildissvið hennar, í samræmi við framangreinda málsmeðferð svo að taka megi tillit til ráðstafana bandalagsins eða Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, sem taka munu gildi í framtíðinni, og tryggja þannig samræmda framkvæmd þeirra.

(¹) Stjtuð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Markmið

Markmið þessarar tilskipunar er að draga úr losun úrgangs og farmleifa í sjó, einkum ólöglegri losun, frá skipum sem nota hafnir innan bandalagsins með því að auka framboð og notkun á aðstöðu í höfnum til að taka á móti úrgangi skipa og farmleifum og efla þannig verndun umhverfis sjávar.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „skip“: hafskip, af hvaða gerð sem vera skal, sem er starfrækt í umhverfi sjávar, þar á meðal spaðabátar, svífhökkvar, sökkvanleg för og fljótandi för;
- b) „Marpol-samningurinn frá '73/'78“: alþjóðasamningur um varnir gegn mengun frá skipum frá 1973, eins og honum var breytt með bókuninni við hann frá 1978 sem er í gildi við samþykkt þessarar tilskipunar;
- c) „úrgangur frá skipum“: allur úrgangur, þar með talið skolp og leifar aðrar en farmleifar, sem verður til við störf um borð í skipi og fellur undir gildissvið I., IV. og V. viðauka við Marpol-samninginn frá '73/'78 svo og farmtengdur úrgangur eins og hann er skilgreindur í viðmiðunarreglum um framkvæmd V. viðauka við Marpol-samninginn frá '73/'78;
- d) „farmleifar“: leifar hvers konar farms um borð, í lestum eða tönkum, sem eftir verða að lokinni affermingu og hreinsun þar á meðal umframagn og leki í tengslum við fermingu eða affermingu;
- e) „móttökuaðstaða í höfnum“: hvers konar aðstaða, hvort sem hún er föst, fljótandi eða hreyfanleg, sem nota má til að taka á móti úrgangi frá skipum og farmleifum;
- f) „fiskiskip“: hvert það skip sem er búið eða notað til fiskveiða eða til að afla annarra lifandi auðlinda sjávar í atvinnuskyni;
- g) „skemmtibátur“: skip af hvaða gerð sem er, óháð tegund knúningsbúnaðar, ætlað til íþrótta eða tómsunda;
- h) „höfn“: staður eða landsvæði þar sem fyrir hendi eru viðgerðaraðstaða og -búnaður sem einkum gera kleift að taka á móti skipum, þar á meðal fiskiskipum og skemmtibátum.

Með fyrirvara um skilgreiningarnar í c- og d-lið skal litið á „úrgangur frá skipum“ og „farmleifar“ sem úrgangur í skilningi

a-liðar 1. gr. tilskipunar ráðsins 75/442/EBE frá 15. júlí 1975 um úrgang⁽¹⁾.

3. gr.

Gildissvið

Ákvæði þessarar tilskipunar gilda um:

- a) öll skip, sem fara um eða starfa í höfn aðildarríkis, þar á meðal fiskiskip og skemmtibátar, án tillits til þess undir hvaða fána þau sigla, að undanskildum hvers konar herskipum, hjálparskipum í flota eða öðrum skipum í ríkiseign eða ríkisrekstri sem um stundarsakir eru nýtt í þágu hins opinbera til annars en viðskipta, og
- b) allar hafnir aðildarríkjanna þar sem skip, sem falla undir gildissvið a-liðar, hafa almennt viðkomu.

Aðildarríkin skulu gera ráðstafanir til að tryggja að skip, sem falla ekki undir gildissvið þessarar tilskipunar samkvæmt a-lið undanfarandi málsgreinar, afhendi úrgang sinn og farmleifar í samræmi við þessa tilskipun, að svo miklu leyti sem slíkt er skynsamlegt og framkvæmanlegt.

4. gr.

Móttökuaðstaða í höfnum

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að í höfn sé til staðar móttökuaðstaða sem nægir til að fullnægja þörfum skipa sem jafnan nota viðkomandi höfn án þess að valda skipum ótilhlýðilegum töfum.
2. Til að móttökuaðstaðan sé fullnægjandi skal hún geta tekið við þeim tegundum og því magni úrgangs og farmleifa sem kemur með skipum sem jafnan nota viðkomandi höfn, að teknu tilliti til rekstrarlegra þarfa notenda hafnarinnar, stærðar hennar og staðsetningar, gerðar skipa, sem hafa þar viðkomu, og þeirra undanþágna sem kveðið er á um í 9. gr.
3. Aðildarríki skulu ákveða málsmeðferð, í samræmi við þá sem Alþjóðasiglingamálastofnunin hefur samþykkt, sem beita skal þegar senda á hafnarrikinu skýrslu um meintan vanbúnað í móttökuaðstöðu hafnar.

5. gr.

Áætlanir um móttöku og meðhöndlun úrgangs

1. Þróa skal og framkvæma viðeigandi áætlun um móttöku og meðhöndlun úrgangs að höfðu samráði við hlutadeigandi aðila einkum notendur hafna eða fulltrúa þeirra og með hliðsjón af kröfunum í 4., 6., 7., 10. og 12. gr. Nákvæm fyrirmæli um hvernig standa skal að gerð slíkra áætlana eru sett fram í I. viðauka.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 194, 25.7.1975, bls. 39. Tilskipuninni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/350/EB (Stjtið. EB L 135, 6.6.1996, bls. 32).

2. Ef það er nauðsynlegt, með skirskotun til skilvirkni, má þróa áætlunina um móttöku og meðhöndlun úrgangs, sem um getur í 1. mgr., á einstökum svæðum með viðeigandi þátttöku hvernar hafnar, að því tilskildu að þörfin fyrir móttökuaðstöðu og framboðið á henni í hverri höfn fyrir sig komi fram.

3. Aðildarríkin skulu leggja mat á og viðurkenna áætlunina um móttöku og meðhöndlun úrgangs, fylgjast með framkvæmd hennar og tryggja að viðurkenningin sé endurnýjuð á a.m.k. þriggja ára fresti og eftir meiri háttar breytingar á rekstri hafnarinnar.

6. gr.

Tilkynningar

1. Skipstjóri skips, sem er á siglingu til hafnar í aðildarríki en er hvorki fiskiskip né skemmtibátur af þeirri gerð sem ekki má flytja fleiri en 12 farþega, skal fylla út eyðublaðið í II. viðauka með réttum upplýsingum og af nákvæmni og koma þeim upplýsingum á framfæri við yfirvald eða stofnun sem aðildarríkið, þar sem höfnin er staðsett, hefur tilnefnt í þessu skyni:

- a) að minnsta kosti 24 klukkustundum fyrir komu til hafnar ef viðkomuhöfnin er þekkt; eða
- b) um leið og viðkomuhöfnin er kunn ef upplýsingar um það liggja fyrir innan 24 klukkustunda fyrir komu til hafnar ef; eða
- c) í síðasta lagi við brottför frá fyrri höfn ef sjóferðin er skemmri en 24 klukkustundir.

Aðildarríkin geta ákveðið að upplýsingunum verði komið til rekstraraðila móttökuaðstöðu hafnarinnar en hann framsendir þær til viðeigandi yfirvalds.

2. Upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr., skulu geymdar um borð að minnsta kosti þangað til komið er til næstu viðkomuhafnar og skulu yfirvöld aðildarríkanna fá aðgang að þeim fari þau fram á það.

7. gr.

Afhending úrgangs frá skipum

1. Skipstjóri skips, sem fer um höfn í bandalaginu, skal, áður en látið er úr höfn, koma öllum úrgangi frá skipinu í móttökuaðstöðu í höfninni.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. er skipi heimilt að halda til næstu viðkomuhafnar án þess að afhenda úrgang ef ráða má af þeim upplýsingum, sem gefnar eru í samræmi við 6. gr. og II. viðauka, að nægilega mikið sé til af sérhæfðu geymslurými um borð fyrir þann úrgang sem safnast hefur fyrir og mun safnast fyrir meðan á fyrirhugaðri ferð til afhendingarhafnar stendur.

Ef gildar ástæður eru til að ætla að fullnægjandi aðstaða sé ekki fyrir hendi í fyrirhugaðri afhendingarhöfn eða ef höfnin er óþekkt og því hættu á losun úrgangsins í sjó skal aðildarríkið gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir mengun sjávar með því að krefjast, ef þörf krefur, afhendingar úrgangsins frá skipinu fyrir brottför.

3. Ákvæði 2. mgr. skulu gilda með fyrirvara um strangari afhendingarkröfur fyrir skip sem kunna að vera samþykktar í samræmi við alþjóðalög.

8. gr.

Gjöld vegna úrgangs frá skipum

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að kostnaði af móttökuaðstöðu fyrir úrgang frá skipum í höfnum, þar á meðal af meðhöndlun og förgun úrgangsins, sé mætt með því að taka gjald af skipum.

2. Endurheimtakerfi kostnaðar vegna notkunar móttökuaðstöðu í höfnum skal ekki vera þannig úr garði gert að það feli í sér hvata til losunar úrgangs frá skipum í sjó. Í þessu skyni skulu eftirfarandi meginreglur lánar gilda um önnur skip en þau sem eru annaðhvort fiskiskip eða skemmtibátur af þeirri gerð sem ekki má taka fleiri en 12 farþega:

- a) öll skip, sem fara um hafnir í aðildarríkjunum, skulu leggja fram umtalsverðan skerf til að mæta þeim kostnaði sem um getur í 1. mgr., óháð raunverulegri notkun þeirra á móttökuaðstöðunni. Slíkar ráðstafanir geta falið í sér að gjaldið verði fellt inn í hafnargjöld eða að tekið verði upp sérstakt, fast úrgangsgjald. Gjöldin geta verið mismunandi, m.a. eftir flokki, gerð og stærð skipsins;
- b) sá hluti kostnaðarins, sem gjaldið samkvæmt a-lið nær ekki yfir, skal greiddur á grundvelli þeirra tegunda úrgangs og þess magns sem skipið kemur með, þ. e. ef um slíkan kostnað er að ræða;
- c) lækka má gjaldið ef umhverfisstjórnun, hönnun, búnaður og starfræksla skips eru með þeim hætti að skipstjóri þess geti sýnt fram á að minni úrgangur verði til um borð.

3. Til að tryggja að gjöldin séu sanngjörn, gagnsæ, óhlutdræg og endurspeglir kostnað vegna þess búnaðar og þjónustu sem er fánleg eða, þar sem við á, nýtt skal notendum hafnarinnar gerð grein fyrir fjárhæð gjaldanna og á hvaða grundvelli þau eru reiknuð út.

4. Framkvæmdastjórnin skal, innan þriggja ára frá deginum sem um getur í 1. mgr. 16. gr., leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið þar sem metin eru áhrif hinna ýmsu endurheimtakerfa kostnaðar sem samþykkt eru í samræmi við 2. mgr. í tengslum við umhverfi sjávar og flæðimynstur úrgangs. Þessi skýrsla skal gerð í nánú samráði við lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum og fulltrúa hafnanna.

Framkvæmdastjórnin skal, ef nauðsynlegt þykir í ljósi þessa mats, leggja fram tillögu um að breyta þessari tilskipun með gildistöku fyrirkomulags, þar sem öllum skipum, sem hafa viðkomu í höfnum aðildarríkja, er gert að greiða hæfilegt hlutfall, ekki minna en þriðjung, þess kostnaðar sem um getur í 1. mgr., óháð raunverulegri notkun þeirra á hafnaraðstöðunni, eða annars fyrirkomulags með sambærileg áhrif.

9. gr.

Undanþágur

1. Þegar skip eru í áætlunarsiglingum og hafa tíða og reglulega viðkomu í höfnum og nægar sannanir eru fyrir því að fyrir hendi sé fyrirkomulag sem tryggir afhendingu úrgangs og greiðslu gjalda í einhverri höfn á siglingaleiðinni mega aðildarríki þeirra hafna, sem í hlut eiga, veita slíkum skipum undanþágur frá skuldbindingunum sem um getur í 6. gr., 1. mgr. 7. gr. og 8. gr.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni reglulega og minnst einu sinni á ári um undanþágur sem veittar eru í samræmi við 1. mgr.

10. gr.

Afhending farmleifa

Skipstjóri skips, sem hefur viðkomu í höfn bandalagsins, skal tryggja að farmleifar séu afhentar í móttökuaðstöðu hafnarinnar í samræmi við ákvæði Marpol-samningsins frá '73/'78. Öll gjöld vegna afhendingar farmleifa skal notandi móttökuaðstöðunnar greiða.

11. gr.

Framfylgd

1. Aðildarríkin skulu tryggja að sérhvert skip geti þurft að sæta skoðun til þess að sannreyna að það fullnægi kröfum í 7. og 10. gr. og að nægilega margar slíkar skoðanir séu framkvæmdar.

2. Eftirfarandi skal gilda um skoðun á öðrum skipum en þeim sem eru annaðhvort fiskiskip eða skemmtibátar af þeirri gerð sem ekki má taka fleiri en 12 farþega:

a) þegar skip eru valin til skoðunar skulu aðildarríkin sérstaklega huga að:

— skipum sem ekki hafa sinnt tilkynningaskyldu þeirri sem kveðið er á um í 6. gr.;

— skipum þar sem athugun á upplýsingum, sem skipstjórinn lætur í té í samræmi við 6. gr., gefur önnur tilefni til að ætla að skipið uppfylli ekki kröfurnar í þessari tilskipun;

b) skoðunina má framkvæma innan ramma tilskipunar 95/21/EB þegar við á; hvað sem liður lagamma utan um slíka skoðun gildir ákvæði þeirrar tilskipunar um skoðun 25% skipa;

c) ef niðurstöður skoðunarinnar eru ekki viðunandi að mati viðkomandi yfirvalds skal yfirvaldið tryggja að skipið láti ekki úr höfn fyrir en það hefur afhent úrgang sinn og farmleifar í móttökuaðstöðu hafnar í samræmi við 7. og 10. gr.;

d) þegar augljósar sannanir eru fyrir því að skip hafi haldið til hafs án þess að fara að 7. og 10. gr. skal tilkynna það lögbæru yfirvaldi næstu viðkomuhafnar og skal þá skipið, með fyrirvara um beitingu viðurlaga sem um

getur í 13. gr., kyrrsett í þeirri höfn uns nákvæmara mat hefur farið fram á því hvort skipið hafi verið í samræmi við þessa tilskipun, t.d. að því er varðar nákvæmni upplýsinga sem látnar hafa verið í té samkvæmt 6. gr.

3. Aðildarríkin skulu, eftir því sem þurfa þykir, setja verklagsreglur um eftirlit með fiskiskipum og skemmtibátum, sem ekki mega taka fleiri en 12 farþega, í því skyni að tryggja að farið sé að viðeigandi kröfum í þessari tilskipun.

12. gr.

Hliðarráðstafanir

1. Aðildarríkin skulu :

a) gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að skipstjórar, aðilar sem leggja til móttökuaðstöðu í höfnum og aðrir, sem málið varðar, séu nægilega upplýstir um kröfurnar sem gerðar eru til þeirra samkvæmt þessari tilskipun og að þeir uppfylli þær;

b) tilnefna viðeigandi yfirvöld eða stofnanir til að annast starfsemi vegna þessarar tilskipunar;

c) koma á samvinnu milli viðeigandi yfirvalda sinna og samtaka á sviði viðskipta til að tryggja árangursríka framkvæmd þessarar tilskipunar;

d) tryggja að upplýsingarnar, sem skipstjórar gefa í samræmi við 6. gr., séu athugaðar með viðeigandi hætti;

e) tryggja að einfalt og fljótlegt sé að afgreiða formsatriði vegna notkunar móttökuaðstöðu í höfnum og hvetja þannig skipstjóra til að nota móttökuaðstöðu hafna og að forðast að tefja skip ótilhlýðilega;

f) tryggja að framkvæmdastjórnin fái afrit af ásökunum um ófullnægjandi móttökuaðstöðu hafnar sem um getur í 3. mgr. 4. gr.;

g) tryggja að meðhöndlun, endurnýting og förgun úrgangs frá skipum og farmleifa fari fram í samræmi við tilskipun 75/442/EBE og aðra viðeigandi löggjöf bandalagsins um úrgang, einkum tilskipun ráðsins 75/439/EBE frá 16. júní 1975 um förgun olíuúrgangs⁽¹⁾ og tilskipun ráðsins 91/689/EBE frá 12. desember 1991 um hættulegan úrgang⁽²⁾.

h) tryggja, í samræmi við innlend lög, að sérhver aðili, sem tekur þátt í afhendingu eða móttöku úrgangs frá skipum eða farmleifa, geti krafist bóta vegna tjóns sem hlýst af ótilhlýðilegum tölum.

2. Litið skal svo á að með afhendingu úrgangs frá skipum og afhendingu farmleifa sé úrganginum og farmleifunum komið í frjálsa dreifingu í skilningi 79. gr. reglugerðar ráðsins 2913/92/EBE frá 12. október 1992 um setningu tollareglna bandalagsins⁽³⁾. Samkvæmt 45. gr. tollareglna bandalagsins skulu tollayfirvöld ekki krefjast þess að lögð sé fram yfirlitsskýrsla.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 194, 25.7.1975, bls. 23. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 91/692/EBE (Stjtið. EB L 377, 31.12.1991, bls. 48).

⁽²⁾ Stjtið. EB L 377, 31.12.1991, bls. 20. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 94/31/EBE (Stjtið. EB L 168, 2.7.1994, bls. 28).

⁽³⁾ Stjtið. EB L 302, 19.10.1992, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 955/1999 (Stjtið. EB L 119, 7.5.1999, bls. 1).

3. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu vinna saman að því að koma á viðeigandi upplýsinga- og eftirlitskerfi, sem nær að minnsta kosti til bandalagsins alls, í því skyni að:

- endurbæta aðferðir við að bera kennsl á skip sem ekki hafa afhent úrgang og farmleifar í samræmi við þessa tilskipun,
- komast að því hvort markmiðin, sem sett eru í 1. gr. þessarar tilskipunar, hafi náðst.

4. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu vinna saman að því að koma á sameiginlegum viðmiðunum sem lúta að samngreiningu skipanna sem um getur í c-lið 2. mgr. 8. gr.

13. gr.

Viðurlög

Aðildarríki skulu koma sér upp kerfi viðurlaga vegna brota á innlendum ákvæðum sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun og skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að slíkum viðurlögum sé beitt. Viðurlögin skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi.

14. gr.

Stjórnsýslunefnd

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar sem skipuð er samkvæmt 1. mgr. 12. gr. tilskipunar 93/75/EBE⁽¹⁾ og kallast hér á eftir „nefndin“.

2. Þegar vísað er til þessarar greinar skulu 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB gilda, að teknu tilliti til ákvæða 8. gr. í henni.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. í ákvörðun 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.

3. Nefndin skal setja sér starfsreglur.

15. gr.

Málsmeðferð vegna breytinga

Breyta má viðaukunum við þessa tilskipun, skilgreiningunni í b-lið 2. gr., tilvísunum í lagagerninga bandalagsins og tilvísunum í lagagerninga Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 14. gr., í því skyni að færa þetta allt til samræmis við ráðstafanir bandalagsins og Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar sem tekið hafa gildi, að svo miklu leyti sem slíkar breytingar færa ekki út gildissvið þessarar tilskipunar.

Enn fremur má breyta viðaukunum við þessa tilskipun í samræmi við þá málsmeðferð þegar það er nauðsynlegt til þess að bæta fyrirkomulagið sem komið er á með þessari tilskipun, að svo miklu leyti sem slíkar breytingar færa ekki út gildissvið þessarar tilskipunar.

16. gr.

Framkvæmd

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 28. desember 2002 og tilkynna það framkvæmdastjórninni.

Að því er varðar skolp sem um getur í c-lið 2. gr. skal þó fresta framkvæmd þessarar tilskipunar þar til 12 mánuðum eftir gildistöku IV. viðauka við Marpol-samninginn frá '73/'78 en virða jafnframt þann greinarmun á nýjum og gömlum skipum sem þar er gerður.

2. Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

17. gr.

Mat

1. Aðildarríkin skulu á þriggja ára fresti leggja stöðuskýrslu um framkvæmd þessarar tilskipunar fyrir framkvæmdastjórnina.

2. Framkvæmdastjórnin skal, á grundvelli skýrslna aðildarríkjanna, leggja matsskýrslu um starfrækslu kerfisins, eins og kveðið er á um í þessari tilskipun, fyrir Evrópuþingið og ráðið eins og kveðið er á um í 1. mgr., ásamt tillögum, ef þurfa þykir, um framkvæmd þessarar tilskipunar.

18. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

19. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 27. nóvember 2000.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

N. FONTAINE

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

L. FABIUS

forseti.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 247, 5.10.1993, bls. 19. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 98/74/EB (Stjtið. EB L 276, 13.10.1998, bls. 7).

*I. VIÐAUKI***KRÖFUR VARDANDI ÁÆTLANIR UM MÓTTÖKU OG MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS Í HÖFNUM**

(eins og um getur í 5. gr.)

Áætlanimar skulu taka til allra tegunda úrgangs og farmleifa frá skipum sem venjulega koma til viðkomandi hafnar og þær skulu taka mið af stærð hafnarinnar og gerð skipa sem hafa þar viðkomu.

Í áætluninum skulu eftirtalin atriði tekin fyrir:

- mat á þörf fyrir móttökuaðstöðu, miðað við þarfir þeirra skipa sem venjulega koma til hafnarinnar;
- lýsing á gerð og geymslurými móttökuaðstöðu hafnarinnar;
- nákvæm lýsing á verklagsreglum við móttöku og söfnun úrgangs frá skipum og farmleifa;
- lýsing á innheimtakerfinu;
- málsmeðferð við skýrslugjöf um meintan vanbúnað móttökuaðstöðu hafna;
- málsmeðferðarreglur um stöðugt samráð við notendur hafnar, verktaka sem meðhöndla úrgang, rekstraraðila hafnarinnar og aðra hagsmunaaðila; og
- tegund og magn úrgangs frá skipum og farmleifa sem tekið er á móti og meðhöndluð.

Að auki skal eftirfarandi koma fram í áætluninum:

- samantekt um viðeigandi löggjöf og formsatriði við afhendingu;
- upplýsingar um hvaða einstaklingur eða einstaklingar bera ábyrgð á framkvæmd áætlunarinnar;
- lýsing á formeðferðarbúnaði og –ferlum í höfninni ef um slíkt er að ræða;
- lýsing á aðferðum við skráningu raunverulegrar notkunar á móttökuaðstöðu hafnarinnar;
- lýsing á aðferðum við skráningu á magni úrgangs frá skipum og farmleifa sem tekið er á móti; og
- lýsing á aðferðum við losun úrgangs frá skipum og við losun farmleifa.

Verklagsreglur við móttöku, söfnun, geymslu, meðhöndlun og förgun eiga að öllu leyti að vera í samræmi við umhverfisstjórnunarkerfi sem hentar vel til þess að draga smám saman úr umhverfisáhrifum slíkra aðgerða. Gert er ráð fyrir slíku samræmi ef verklagsreglurnar eru í samræmi við ákvæði reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1836/93 frá 29. júní 1993 um frjálsa aðild iðnfyrirtækja að umhverfismála- og vistúttæktarkerfi bandalagsins ⁽¹⁾.

Upplýsingar sem notendur hafna þurfa að hafa aðgang að:

- stutt tilvísun í grundvallarþýðingu réttar afhendingar úrgangs frá skipum og farmleifa;
- staðsetning móttökuaðstöðu hvers skipalægis með teikningu/korti;
- skrá yfir helstu tegundir úrgangs frá skipum og farmleifa sem að jafnaði koma til afgreiðslu;
- skrá yfir tengiliði, rekstraraðila og þá þjónustu sem er í boði;
- lýsing á starfsaðferðum við afhendingu;
- lýsing á innheimtakerfinu; og
- málsmeðferð við skýrslugjöf um meintan vanbúnað í móttökuaðstöðu hafna;

⁽¹⁾ Stjtíð. EB L 168, 10.7.1993, bls. 1.

II. VIÐAUKI

UPPLÝSINGAR SEM BIRTA SKAL ÁÐUR EN KOMIÐ ER TIL HAFNAR Í.....
(Viðtökuhöfn sem um getur í 6. gr. tilskipunar 2000/59/EB)

1. Nafn og kallmerki skipsins og, ef við á, IMO-auðkenningarnúmer.
2. Fánaríki:
3. Áætlaður komutími:
4. Áætlaður brottfaratími:
5. Fyrri viðkomuhöfn:
6. Næsta viðkomuhöfn:
7. Síðasta afhendingarhöfn og dagsetning afhendingar úrgangs frá skipinu:

8. Afhenda á:

allan úrganginn hluta úrgangs engan úrgang (*)

í móttökuaðstöðu í höfn.

9. Tegund og magn úrgangs og farmleifa, sem á að afhenda og/eða verða eftir um borð, og hundraðshluti þess magns af hámarksgeymslurými:

Ljúkið við amman dálkinn eins og við á ef afhenda á allan úrganginn.

Ljúkið við alla dálkana ef afhenda á hluta úrgangsins eða engan úrgang.

Tegund	Úrgangur sem afhenda á m ³	Hámarks geymslurým m ³	Magn úrgangs sem verður eftir um borð m ³	Höfnin þar sem afhenda á afgangsúrgang	Áætlað magn úrgangs sem verður til frá birtingu þessarar tilkynningar og þar til komið er til næstu hafnar m ³
1. Oluúrgangur					
Seyra					
Kjölvatn,					
Annað (tilgreinið)					
2. Sorp					
Matarúrgangur					
Plast					
Annað					
3. Farmtengdur úrgangur ⁽¹⁾ (tilgreinið)					
4. Farmleifar ⁽¹⁾ (tilgreinið)					

⁽¹⁾ Um mat getur verið að ræða.

(*) Merkið við í viðeigandi reiti.

Athugasemdir:

1. Heimilt er að nota þessar upplýsingar vegna hafnríkiseftirlits og annars eftirlits.
2. Aðildarríkin munu ákveða hvaða aðilar fá afrit af þessari tilkynningu.
3. Fylla ber út þetta eyðublað nema því aðeins að skipið heyri undir undanþágu í samræmi við 9. gr. tilskipunar 2000/59/EB.

Undirritaður staðfestir að:

framangreindar upplýsingar eru nákvæmar og réttar og

að nægilegt sérhæft geymslurými er um borð í skipinu fyrir allan þann úrgang sem kann að verða til frá birtingu þessarar tilkynningar og þar til komið er til næstu afhendingarhafnar.

Dags:

Tími:.....

Undirskrift:
